

Héraðssamband Strandamanna

Stofnað 19. nóvember 1944

# Ársþing

72. ársþing HSS

Fundargerð



Haldið í Félagsheimilinu Árnesi

mánudaginn 3. júní 2019



**72. ársþing HSS haldið í Félagsheimilinu Árnesi 3. júní 2019 kl. 18:30**

22 fulltrúar frá sjö aðildarfélögum sóttu þingið; Umf. Geisla, Umf. Neista, Umf. Leifi heppna, Skíðafélagi Strandamanna, Golfklúbbi Hólmavíkur og Umf. Hvöt.

Árnes mánudaginn 3. júní kl. 18:30

**Dagsskrá:**

1. Þingsetning.
2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra, og tveggja fundarritara.
3. Skipun kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar og þeir bornir undir atkvæði.
6. Skýrsla framkvæmdastjóra.
7. Kosning nefna þingsins. a) Uppstillingarnefnd. b) Fjárhagsnefnd.  
c) Íþróttanefnd d) Allsherjar og laganeftnd.
8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
9. Nefndarstörf.
10. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
11. Kosningar. a) Stjórn og varastjórn sbr. 17. grein. b) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara. c) Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
12. Önnur mál.
13. Pingslit.

Öllum meiri háttar málum skal vísað til nefnda. Fjárhagsnefnd skal fjalla um reikninga, reikningsyfirlit og fjárhagsáætlun næsta árs. Einfaldur meirihluti ræður afgreiðslu mála á ársþingi HSS, nema um lagabreytingu sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða.

*Stjórn HSS*



## Fulltrúafjöldi félaga:

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga árið 2019 er eftirfarandi:

- Umf. Geislinn..... 19
- Skíðafélag Strandamanna..... 8
- Umf. Neisti..... 8
- Umf. Hvöt..... 5
- Umf. Leifur Heppni..... 6
- Sundfélagið Grettir..... 5
- Golfklúbbur Hólmavíkur..... 4

## 1. Þingsetning

Formaður HSS, Jóhann Björn Arngrímsson setti fundinn og bauð þingfulltrúa velkomna.

## 2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra og tveggja fundarritara

Jóhann Björn tilnefndi Þorgeir Pálsson sem fundarstjóra og Björn Torfason sem varafundarstjóra. *Samþykkt samhljóða.*

Þá gerði formaður tillögu um Aðalbjörgu Óskarsdóttur og Sigurbjörgu Halldóru Halldórsdóttur sem fundarritara. *Samþykkt samhljóða.*

Þorgeir tók við fundarstjórn og þakkaði fyrir traustið.

## 3. Skipun kjörbréfanefndar

Þorgeir lagði fram tillögu um að Ragnar Bragason, Július Jónsson og Bjarnheiður Fossdal skipuðu kjörbréfanefnd. *Samþykkt samhljóða.*

Kjörbréfanefnd tók til starfa og tók Ragnar við kjörbréfum.

## 4. Skýrsla stjórna

Jóhann Björn formaður las skýrslu stjórna og fór í grófum dráttum yfir starf sambandsins síðastliðið starfsá. Skýrsla stjórna var svohljóðandi:

---



Stjórn HSS 2018-2019 var þannig skipuð s.l. starfsár. Formaður Jóhann Björn Arngrímsson, varaformaður Eiríkur Valdimarsson, ritari Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, gjaldkeri Ragnar Bragason og meðstjórnandi Guðbjörg Hauksdóttir.

Varamenn. Bjarnheiður Júlíus Fosdal, Júlíus Jónsson, Ingi Vífill Ingimarsson og Finnur Ólafsson Stjórn hélt 5 bókaða fundi milli þinga stjórnarmenn og varamenn voru boðaðir á alla fundi og var mæting á þá. Jóhann Björn 5, Eiríkur 0, Ragnar 4, Hrafnhildur 0, Guðbjörg 4, Bjarnheiður 0, Júlíus 4, Ingi Vífill 0, og Finnur 5. Einnig var rætt við stjórnarmenn í síma

Vorið 2018 var gengið frá samningum við Hörpu Óskarsdóttir framkvæmdarstjóra. Hún sá um mótaðal og skipulagningu einnig þáttöku HSS á ULM í Þorlákshöfn. Vill stjórn HSS þakka henni samvinnuna s.l. sumar.

Að afloknu Ársþingi í maí var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum í Séreignasjóð og komu þrjár umsóknir og var einni hafnað en tvær samþykktar til afgreiðslu en það var ítrekun á áður komnum umsóknum frá Skíðafélaginu. Samþykkt var að veita Skíðafélaginu 1.3 milljónir gegn því að lögð yrði fram nákvæm framkvæmdar og kostnaðaráætlun t.d. vegna snjótroðara en hún hefur ekki borist. Þó er vitað að hluti framkvæmda þess sem sótt var um er lokið. Skíðafélagið sendi styrkbeiðni vegna kostanaðar við þjálfaranámskeið og var það samþykkt og greitt 2019.

Formaður HSS fór á samráðsfund UMFÍ á Ísafirði í október. Formannafund ÍSÍ í nóvember og Ársþing KSÍ í febrúar 2019

Samstarf var við Vestra sem hélt æfingarleiki í Íþróttamiðstöðinni og lék Vestri two leiki við Tindastól í ungingaflokki í Íslandsmóti KKÍ í apríl

Stjórnin vill þakka aðildarfélögum, nefndum og ráðum HSS fyrir vel unnin störf á síðastliðnu ári og lítur björtum augum á komandi tíma, sjá má á skýrslum aðildarfélaga að mikið starf er unnið til að efla almenningsíþróttir ungra sem aldna.

Samningur við Strandabyggð um fjárhagslegan stuðning ásamt aðgangi að Íþróttamiðstöð og geymsluaðstöðu var endur nýjaður frá 1janúar 2019 til 31 desember 2022.

Einnig er margt sem HSS þarf að taka inn í sína daglegu vinnu, Viðbragðsáætlun, Jafnréttisáætlun, Umhverfisstefnu, Fræðslu og forvarnarstefnu, Félagsmálstefnu og síðan að fara eftir Persónuverngarlögum. Eins er sameining íþróttabandalaga og félaga ofarlega í umræðu þessa dagana.

Þessar stefnur má finna á síðum UMFÍ og ÍSÍ. Það stendur til að Elías Atlason komi í haust og fari yfir persónuverndarlögin með aðildarfélögunum.

Eiríkur Valdimarsson og Hrafnhildur Þorsteinsdóttir hafa beðist undan því að vera kosin í stjórn HSS.

*Fh. stjórnar HSS,*



Jóhann Björn Arngrímsson

Fundarstjóri, Þorgeir, leggur til að umræða um skýrslu verði gerð jafnhliða umræðu um reikninga.

## 5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

---

Gjaldkeri, Ragnar Bragason, gerir grein fyrir reikingum.

Vegna villu þurfti að gera reikinga 2017 aftur og gerir Ragnar því grein fyrir bæði árunum 2017 og 2018.

Árið 2017 voru tekjur 4.367.671 kr. gjöld voru 2.507.666 kr. Hagnaður var 1.982.539 kr.

Árið 2018 voru tekjur 4.308.893 kr. gjöld voru 3.332.682 kr. Hagnaður var 1.083.013 kr.

Eggert spyr hvað er varanlegir rekstrarfjármunir, Ragnar segir að það sé það séu eignir sambandsins. (sjá fylgiskjal)

Spurt var út í skráningu á fundi: hvort væri fulltrúi í síma væri hann þá mættur á fundinn. Það er svo.

Skýrsla stjórnar *samþykkt*.

*Ársreikningur 2017 samþykktur*

*Ársreikningur 2018 samþykktur*

## 3.2. Úrskurður kjörbréfanefndar

---

Ragnar Bragason, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir kjörbréfum.

- Frá Geislanum: Barbara Ósk Guðbjartsdóttir, Júlíus Jónsson, Henrikke Stuehff, Þorgeir Pálsson.
- Frá Ungmennafélaginu Neista: Óskar Torfason, Halldór Logi Friðgeirsson, Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir og Guðbjörg Hauksdóttir.
- Frá Leifi Heppna: Bjarnheiður Júlíía Fossdal, Björn Torfason, Kári Ingvarsson, Davíð Bjarnason, Ásta Þorbjörg Ingólfssdóttir, Oddný Þórðardóttir.



- Frá Skíðafélagi Strandamanna: Aðalbjörg Óskarsdóttir, Rósmundur Númason, Ragnar Bragason, Þórey Dögg Ragnarsdóttir og Stefán Snær Ragnarsson.
- Frá Umf Hvöt: Eggert Kristjánsson
- Frá Golfklúbbi Hólmavíkur: Jóhann Björn Arngrímsson

*Kjörbréf samþykkt*

## Skýrsla framkvæmdarstjóra

Sumarstarf framkvæmdastjóra hófst formlega í lok maí á síðasta ári.

Fyrsti viðburðurinn á dagskrá var Götuhlaup HSS en vegna dræmrar þátttöku og slæmrar veðurspár var ákveðið að aflýsa hlaupinu.

Svo kom að polla- og pæjumótinu sem haldið var á Skeljavíkurgrundum 28. júní í samstarfi við Hamingjudaga. Mótið gekk vel og þátttaka var mjög góð.

Héraðsmót HSS var haldið 21. júlí á Sævangi. Þátttaka var ágæt og voru 39 keppendur skráðir.

Barnamót HSS var haldið 15. ágúst á Drangsnesi í mjög góðu veðri. Á mótinu var mjög góð þátttaka og þar kepptu börn 12 ára og yngri. Eftir mótið voru grillaðar pylsur í boði ungmennafélagsins Neista, sem sáu um mótið ásamt framkvæmdastjóra.

Það var lítil þátttaka á Unglingalandsmótinu síðasta sumar. Til dæmis var bara einn þátttakandi í frjálsum en hann stóð sig frábærlega og sigraði spjótkast í sínum aldursflokkki.

Auk þess að skipuleggja mótið sumarsins uppfærði ég heimasíðu HSS, sá um tölvupósta, var í samskiptum við ÍSÍ og UMFÍ og fleira.

Ég lauk störfum í lok ágúst. Ég þakka stjórn HSS og formönnunum félaganna fyrir samstarfið og öllum þeim sem studdu við starfsemina á síðasta ári. Við þurfum öll að hjálpast að við að efla íþróttastarfið á svæðinu og það er von míni að íþróttastarfið muni blómstra á ný.

Harpa Óskarsdóttir

## 7. Kosning nefnda þingsins

- a. **Uppstillingarnefnd:** Jóhann Björn Arngrímsson, Bjarnheiður Fossdal, Halldór Logi Friðgeirsson og Eggert Kristjánsson



- b. Fjárhagsnefnd:** Ragnar Bragason, Óskar Torfason, Þorgeir Pálsson  
**c. Íþróttanefnd:** Július Jónsson, , Barbara Guðbjartsdóttir, Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir, Guðbjörg Hauksdóttir, Stefán Snær Ragnarsson, Þórey Dögg Ragnarsdóttir, Ásta Ingólfssdóttir, Davíði Bjarnason, Henrike Stuehoff, Kári Ingvarsson, Aðalbjörg Óskarsdóttir  
**d. Allsherjar- og laganefnd:** Björn Torfason, Barbara Guðbjartsdóttir, Rósmundur Númason, Oddný Þórðardóttir.

*Samþykkt*

## 8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda

- Engar tillögur lagðar fram til Uppstillingarnefndar
- Tvær tillögur voru lagðar fram til Fjárhagsnefndar
- Íþróttanefnd. Tillaga var lögð fram með mótum ársins.
- Ein tillaga var lögð fram til Allsherjar- og laganefndar.

Kaffihlé í 15 mín

## 9. Nefndarstörf umræður og atkvæðagreiðslur

Fundarstjóri býður formann íþróttanefndar að koma í pontu og gera grein fyrir nefndarstörfum.

Július Jónsson, formaður *íþróttanefndar*, lagði fram tillögu að mótagdagskrá sumarsins frá íþróttanefnd.

Tillaga að mótagdagskrá sumarsins 2019:

- 12. júní (miðvikudagur) - Götuhlaup HSS á Hólmavík
- 27. júní - Polla- og pæjumót á Skeljavíkurgrundum
- 28.-30. Júní (Hamingjudagar) Golfmót
- 13.-15. Júlí – Landsmót 50+
- 17. júlí (miðvikudagur) – Héraðsmót í frjálsum íþróttum
- 1.-5. ágúst – Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði
- 14. ágúst (miðvikudagur) – Barnamót HSS á Sævangi (Geislínn)
- 4.sept.(miðvikudagur) – sundmót (Geislínn)

*Íþróttanefnd* leggur til að haldið verði bridsmót, borðtennismóti, badmintonmóti og skákmót í veturn og er stjórn falið að finna dagsetningar.

Rætt um að mikilvægt sé að Héraðsmótið hefjist ekki seinna en kl. 17:00 og mögulega fækka greinum.

*Samþykkt*



Fundarstjóri býður formanni Fjárhagsnefndar að koma og gera grein fyrir nefndaráliti.

Ragnar Bragason formaður *Fjárhagsnefndar* gerir grein fyrir tillögum til nefndarinnar

*Stjórn HSS leggur til fram tillögu fyrir ársþing þess efnis að félagsgjöld til Héraðssambandsins verði óbreytt, eða 180 krónur á hvern félaga.*

*Tillaga samþykkt*

### **Fjárhagsáætlun 2019.**

Gert er ráð fyrir að tekjur verði 4.005.000 kr og gjöld 5.151.786 kr. Að tap verði 646.786 kr

*Fjárhagsáætlun samþykkt*

Rætt um sérsjóð í nefndinni og í honum eru núna 2.9 milljónir. Ragnar hvetur félög sem standa í framkvæmdum að sækja um í sérsjóð.

Óskar bað um orðið og ræddi sérsjóð. Hann telur mikilvægt að nota peningana til þeirra sem eru í framkvæmdum. Hann leggur til að Skíðafélagið fái greitt fyrir húsbýgginguna í stað þess að fá fyrir snjótroðara sem ekki er búið er að finna. Formaður bendir á að Skíðafélagið geti breytt umsókn sinni.

Fjárhagsnefnd leggur til eftirfarandi tillögu:

*Að umsóknarfrestur í sérsjóð HSS verði framlengdur til 1.7. 2019 vegnar úthlutunarárs 2019 og að upphæðin sé 1.800.000 kr.*

*Samþykkt*

Björn Torfason formaður Allsherjar- og laganefndar kemur í pontu og les upp tillögu nefndarinnar.

*Stjórn HSS vill koma á framfæri þakklæti til sveitarfélaga í Strandasýslu fyrir styrki og samvinnu liðinna ára.*

*Samþykkt*

### **Stjórnir, ráð og nefndir**

Aðalmenn í stjórn samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar væru Hrafnhildur Skúladóttir sem formaður, Ragnar Kristinn Bragason sem gjaldkeri, Jóhann Björn Arngrímsson sem varaformaður, Finnur Ólafsson sem ritari og Guðbjörg Hauksdóttir sem meðstjórnandi. Varamenn væru Július Jónsson, Bjarnheiður Fosdal, Henrike Stuheff og Halldór Logi Friðgeirsson



Gengið til atkvæða um tillögu. Stjórn og hlutverk þeirra innan stjórnar samþykkt með lófaklappi.

Mótaráð:

Júlíus Jónsson

Aðalbjörg Óskarsdóttir

Vignir Rúnar Vignisson

Til vara:

Eggert Kristjánsson

Barbara Guðbjartsdóttir

*Tillagan samþykkt samhljóða*

Unglingalandsmótsnefnd:

Sverrir Guðmundsson

Barbara Guðbjartsdóttir

Halldór Logi Friðgeirsson

*Tillagan samþykkt samhljóða*

Frjálsíþróttaráð:

Ragnheiður B. Guðmundsdóttir

Sigríður G. Jónsdóttir

Sigríður Drífa Þórólfsdóttir

Til vara:

Birna Ingimarsdóttir

Bjarnheiður Fossdal

*Tillagan samþykkt samhljóða*

Skoðunarmenn reikninga:

Þorsteinn Sigfússon

Ingimundur Pálsson

Til vara:

Signý Ólafsdóttir

Ólafur Ingimundarson

*Tillagan samþykkt samhljóða*

## 12. Önnur mál

Jóhann Björn þakkar fyrir áframhaldandi setu í stjórn og óskar nýjum formanni góðs gengis.

Jóhann Björn veitti eftirfarandi verðlaun:



Efnilegasti íþróttamaður HSS 2018 : **Pórey Dögg Ragnarsdóttir**, fyrir ástundun og elju í þjálfun og keppni á gönguskíðum

Íþróttamaður ársins HSS 2018 : **Ragnar Bragason**, fyrir ástundun, leiðbeiningar og keppni á gönguskíðum.

Verðlaun fyrir vel unnin störf : **Félag eldri borgara í Strandasýslu**. Fyrir aukið starf eldri borgara, reglulegar gönguferðir er orðin fastur liður sem og æfingar í Boccia auk þess sem styrktaræfingar í Flosabóli bættust við undir stjórn Ragnheiðar B. Guðmundsdóttur.

Var verðlaunahöfum klappað lof í lófa.

Óskar Torfason kom í pontu og þakkaði Jóhanni Birni fyrir sl. ár og óskar nýrri stjórn góðs gengis. Hann er ánægður með framkvæmdir sem eru á svæðinu t.d. fyrirhugaðar framkvæmdir á búningaaðstöðu í Krossneslaug. Hann óskar Ragnari til hamingju með titilinn íþróttamaður ársins og Póreyju með titilinn efnilegasti íþróttamaður HSS. Óskar þakkar Leifi Heppna fyrir móttökurnar og þakkar öllum viðstöddum fyrir samstarfið á liðnum árum.

Egbert Kristjánsson vill koma með ábendingu um sundkennslu á svæðinu því það er áberandi hve börn eru illa synd því að gott væri að HSS myndi ýta á skólastjórnendur til að bæta sundkennslu á svæðinu.

Þorgeir tekur undir þetta og hefur verið rætt innan sveitarfélagsins að bæta þurfi sundkennslu.

Júlíus Jónsson spyr úr sæti hver staðan er á því hvort ráðinn verði framkvæmdarstjóri HSS. Jóhann Björn segir að ráðning framkvæmdarstjóra verði fyrsta verk nýrrar stjórnar.

Ragnar Bragason kom í pontu og þakkaði Jóhanni Birni gott samstarf og óskar Hrafnhildi Skúladóttur góðs gengis. Hann þakkar Leifi heppna fyrir góðar móttökur. Hann þakkar kærlega fyrir þau Póreyju og þetta er mikill heiður fyrir þau þau eigi margar góðar stundir á skíðunum. Hann sé mjög stoltur af henni. Það er gaman að vera hér í Trékyllisvík og hann eigi góðar minningar af vellinum héðan. Því miður hefur fólk fækkað bæði hér og á öllu svæðinu og er það mikil áskorun að halda góðu starfi fyrir fólk

Fundarstjóri þakkar fyrir sig og þakkar frábærar veitingar og móttökur. Hann gefur Jóhanni Birni orðið.

Jóhann Björn þakkar starfsmönnum þingsins og fundarmönnum fyrir gott þing og ungmennafélaginu Leifi Heppna fyrir veitingarnar. Það er alltaf gaman að koma í Árnesheppinn og skilar góðum kveðjum frá UMFÍ

Þingi slitið kl. 21:25.

Aðalbjörg Óskarsdóttir

Sigurbjörg Halldóra Halldórsdóttir